

## BROSID

Apríl 2026 3.tbl. 15.árg.



## Hraunvallaskóli 20 ára!

Skrifstofa  
Hraunvallaskóla er  
opin mánudaga til  
fimmtudaga frá  
7:45 til 16:00 og á  
föstudögum frá  
7:45 til 15:00

Sími skólans er:  
590-2800

Síminn í Hraunseli  
er: 590-2810



Hraunvallaskóli fagnaði 20 ára afmæli sínu með hátíðlegri dagskrá þann 27.mars. Síðan skólinn tók til starfa árið 2006 hefur hann orðið öflugur og metnaðarfullur vettvangur fyrir börn í bæjarfélaginu með gildin samvinna, ábyrgð og vinátta að leiðarljósi.

Við tilefnið fluttu skólastjóri og bæjarstjóri Hafnarfjarðar ræðu þar sem nemendum, starfsfólki og foreldrum var sérstaklega hrósað fyrir öflugt og traust skólasamfélag. Sérstaka áherslu lögðu þeir á alúð, fagmennsku og hlýju í daglegu starfi skólans, kraftmikla og hæfileikaríka nemendur og gott samstarf milli starfsfólks, nemenda og foreldra.

Nemendur færðu skólanum listrænar orðagjafir í tilefni dagsins, en hver og einn gaf eitt myndskreytt orð sem prýða nú sameiginlegan orðaforðaborða á göngum skólans. Tvö tónlistaratriði úr söngleiknum Grease voru sýnd og sneri Króli, fyrrum nemandi Hraunvallaskóla, aftur í skólann og skemmti viðstöddum við mikinn fögnuð. Speglaði það vel þá breidd hæfileika sem einkennir nemendahópin fyrri og nú.

Eftir hátíðardagskrána héldu gestir á opið hús skólans þar sem mátti skoða afrakstur Grúskdaganna. Hraunvallaskóli horfir björtum augum til framtíðar eftir tuttugu ára farsæla sögu.





# AFMÆLISGRÚSKIÐ





Vikan 23.-27.mars var sannkölluð hátíð rannsókna og sköpunar þegar hið árlega þema, Grúskið, fór fram. Skólastarfið tekur á sig nýja og spennandi mynd þegar nemendur á öllum aldri sökkva sér ofan í fjölbreytt viðfangsefni af miklum metnaði.

Hraunborg og 1.bekkur kynntust undrum húsdýranna á meðan 2.bekkur rannsakaði Hafnarfjörð. 3.bekkur fagnaði fjölbreytileikanum í verkefni um fjölmeninguna og 4.bekkur sökkti sér í hafið. Vísindin fengu verðugan sess hjá 5.bekk sem vann með tækni og nýsköpun á meðan 6. bekkur beindi sjónum sínum út í geim. 7.bekkur kynnti sér fjölbreytta menningu Evrópu og unglingadeildin rýndi af dýpt í valda þætti úr sögu Hafnarfjarðar. Námsverið kynnti fyrir okkur sögu Hraunvallaskóla og Fjölgreinadeildin sýndi svo kraftinn sem í þeim býr með rannsóknum sínum á eldfjöllum.

Grúskið er meira en bara hefðbundin verkefnavinna. Þetta er tími þar sem samvinna, gleði og forvitni ráða för. Dýrmætt að sjá hvernig nemendur virkja sköpunargáfuna og miðla þekkingu sinni á nýstárlegan hátt.

Að vikunni lokinni stendur eftir glæsilegur afrakstur. Lifandi vitnisburður um öflugt skólasamfélag og nemendur sem þora að spyrja, rannsaka og skapa.





# STÓRA UPPESTARKEPPNIN

## Stóra upplestrarkeppnin 30 ára

Hátíðarbragur ríkti í Víðistaðakirkju þann 17.mars þegar Stóra upplestrarkeppnin í Hafnarfirði fagnaði 30 ára afmæli sínu. Keppnin, sem á rætur sínar að rekja til Hafnarfjarðar, var að þessu sinni einstaklega eftirminnileg, enda stýrði Ingibjörg Einarsdóttir, einn upphafsmanna keppinnar, henni í síðasta sinn eftir þriggja áratuga farsælt starf í þágu lestrarmenningar.

## Hraunvallaskóli hreppti bronsið

Átján nemendur úr grunnskólum bæjarins stigu á stökk og fluttu texta úr bókinni Fjárjóðsleit í Granada eftir Ólaf Pál Jónsson, auk ljóða, af miklu innsæi og tilfinningu. Úrslit keppinnar voru eftirfarandi: Í fyrsta sæti var Ásthildur Friðriksdóttir úr Setbergsskóla. Í öðru sæti var Arna Hlín Ýmisdóttir úr Lækjarskóla og í þriðja sæti var okkar maður Ómar Þór Karlsson úr Hraunvallaskóla. Hraunvallaskóli átti flotta fulltrúa í þeim Ómari Þór, Láru Sóley Erlendsdóttur og varamanninum Hrafnkatli Ými Freyssyni, sem öll stóðu sig með mikilli þryði.

## Hvatning frá forseta Íslands

Halla Tómasdóttir, forseti Íslands, heiðraði samkomuna með nærveru sinni ásamt Ingu Sæland menntamálaráðherra. Forsetinn ræddi um mikilvægi þess að stíga út fyrir þægindarammann og hrósaði börnunum fyrir hugrekkið. „Framtíðin er sannarlega björt þar sem börn lesa jafnvel og hér var gert og flytja ljóðin af svo miklu innsæi og tilfinningagreind.“

Valdimar Víðisson bæjarstjóri flutti ávarp og færði Ingibjörgu Einarsdóttur sérstakar þakkir fyrir hennar ómælda framlag. Hún var sæmd fálkaorðunni árið 2013 fyrir að efla lestrarkunnáttu barna og lætur nú af störfum með ríkulegan arf að baki.

Dagskráin var þrýdd tónlistaratriðum frá nemendum Tónskóla Hafnarfjarðar og Skarðshlíðarskóla, auk kröftugs talkórs úr Ásvallaskóla. Viðburðurinn sýndi svo ekki verður um villst að lestur og ljóðmál eiga sterkan hjómgrunn í hjörtum ungmenna okkar



# INNANHÚSSKEPPNIN

Vikurnar fyrir upplestrarkeppnina einkenndi mikill lestrarkraftur starfið í 7.bekk. Nemendur árgangsins lögðu hart að sér við að þjálfast lesturinn, bæta framsögn sína og það erfiða verkefni að lesa fyrir framan hóp. Þessi vinna á bak við tjöldin er undirstaðan að þeim glæsilega árangri sem nemendur hafa sýnt og mun nýtast þeim um ókomna tíð.

Það er mikil áskorun að stíga fram og lesa fyrir aðra og sýndu nemendur í 7.bekk aðdáunarverða seiglu og metnað í undirbúningi sínum. Bekkjarkennarar þeirra, þær Anne Johansen, Guðrún Sveinsdóttir og Kristjana Helga Oddnýjar Sigurgeirsdóttir, eiga hrós skilið fyrir mikla og góða þjálfun í skýrum framburði, réttum lestrarhraða, tilfinningu, blæbrigðum, líkamsstöðu og öryggi við að koma fram.

Nemendur lásu texta og ljóð að eigin vali fyrir dómara og bekkjarfélaga í þremur umferðum og úr öllum þeim glæsilega hóp sem 7.bekkur skipar, voru 14 nemendur valdir til að halda áfram og keppa fyrir hönd sinna bekkja í innanhússkeppni skólans. Ekki var það auðvelt verk að velja úr, þar sem allir nemendur höfðu lagt mikið á sig og stóðu sig frábærlega.

Innanhússkeppnin var haldin þann 3.mars og lásu nemendur nýjan texta en sama ljóð fyrir áheyrendur og dómnefnd af miklu öryggi og glæsileika. Mikil ánægja að heyra hvernig þessir ungu lesarar gæddu textann lífi og náðu til fólksins í salnum. Aftur stóð dómnefndin frammi fyrir erfiðu verkefni en að lokum voru þrjú nemendur valdir til að verja heiður Hraunvallaskóla í Stóru upplestrarkeppninni í Víðistaðakirkju. Þau voru, eins og áður sagði, þau Ómar Þór Karlsson, Lára Sóley Erlendsdóttir og Hrafnkell Ýmir Freysson sem varamaður.

Þó aðeins hluti nemenda standi á sviðinu í lokakeppninni, þá er það vinnan sem allur árgangurinn fór í gegnum mikilvægasti sigurinn. Þjálfunin sem fylgir upplestrarkeppninni eflir sjálfstraust barna og eykur færni þeirra til að koma fram og tjá sig af öryggi.

Við erum óendanlega stolt af öllum okkar nemendum í 7. bekk fyrir frábæra frammistöðu og óskum fulltrúum okkar innilega til hamingju með þeirra glæsilega árangur!



# ÖSKUDAGSGLEÐI OG KÁTÍNA Í HRAUNVALLASKÓLA

Það var heldur betur líf og fjör í skólanum á öskudaginn þegar nemendur og starfsfólk mættu í alls kyns múnderingum tilbúin að fagna þessum skemmtilega degi. Gangarnir fylltust af ofurhetjum, dýrum, furðuverum og ævintýrapersónum, og ríkti mikil eftirvænting í loftinu.

Vilborg Sverrisdóttir stjórnaði frábæru grímuballi í íþróttahúsinu fyrir yngsta stig skólans þar sem þau dónsuðu saman hinu ýmsu dansa og léku sér. Miðstigið hélt í matsalinn þar sem boðið var upp á gúmmelaði á skemmtilegu öskudagsdiskóteki. Nemendur skemmtu sér konunglega við að sýna búningana sína, dansa og njóta samverunnar í hátíðlegu umhverfi.

Öskudagurinn er dýrmætur dagur í skólastarfinu þar sem sköpunargleðin fær að njóta sín og samfélagið þjappast saman í leik og gleði. Við þökkum nemendum fyrir frábæra þátttöku og foreldrum fyrir aðstoðina við að gera þennan dag jafn litríkan og raun bar vitni.





# BÓKASAFNIÐ

## Handboltaveisla og HM-stemning í janúar

Janúar mánuður var undirlagður af sannkallaðri handboltagleði þegar heimsmeistaramótið fór fram og var bókasafnið okkar sannarlega með í því fjöri. Eins og endranær fylgdist þjóðin spennu með okkar mönnum og smitaðist sú stemning hressilega inn í skólann.



## Dagur leikskólans

Þann 6. febrúar fögnum við Degi leikskólans. Dagsetningin er valin til heiðurs þeim frumkvöðlum sem stofnuðu fyrstu samtök leikskólakennara árið 1950 og mörkuðu þar með upphafið að skipulögðu samstarfi stéttarinnar



## Barnabókaverðlaunin

Kosningar til Barnabókaverðlaunanna fóru fram á tímabilinu 9. febrúar til 13. mars 2026. Á þeim tíma var börnum á aldrinum 6–12 ára boðið að velja sínar uppáhalds bækur og kjósa flottustu myndskreytingarnar.

Börnin fengu að velja eina til þrjár barna- og/eða unglingsbækur sem komu út á íslensku á síðasta ári sem þeim þóttu bestar. Samhliða bókavalinu völdu þau einnig þrjár myndskreytingar sem þeim fannst flottastar.



## Dagur einstakra barna þann 27. febrúar

Dagur sjaldgæfra sjúkdóma og heilkenna. Félag Einstakra barna hvetur öll til að sýna stuðning og samstöðu við þau sem lifa með sjaldgæfa sjúkdóma og heilkenni með því að GLITRA með okkur. Með þátttöku flestra í þessari vitundavakningu vekjum við athygli á því að hátt í 900 börn og ungmenni glíma við erfiðar og fátíðar greiningar sem afar fáir þekkja eða skilja.



## Mottumars og teiknimyndamars

Mottumars er árlegt árvekni- og fjáröflunarátak þar sem vakin er athygli á málefnum tengdum krabbameinum hjá körlum og um leið safnað fyrir mikilvægri starfsemi Krabbameinsfélagsins. Teiknimyndamars minnir á að teiknimyndir er líka frábærar. Myndir segja meira en þúsund orð! Myndir lýsa því sem er að gerast í sögunni án orða. Þær geta verið myndar, óhugnanlegar, sorglegar eða sýnt okkur skemmtileg smáatriði sem ekki standa í textanum.



# Alþjóðlegi dagur stærðfræðinnar 14.mars

Vakin er athygli á því að þann 14. mars er alþjóðlegur dagur stærðfræðinnar haldinn hátíðlegur, en dagurinn er jafnframt þekktur sem Pí-dagurinn.


Á aðalfundi Flatar, félags stærðfræðikennara, árið 2019 var tekin sú ákvörðun að dagur stærðfræðinnar á Íslandi yrði framvegis haldinn á sama degi og í öðrum ríkjum, þann 14. mars (3.14). Með því móti sameinumst við alþjóðasamfélaginu í að fagna þessari mikilvægu vísindagrein.

Þema dagsins í ár var „Stærðfræði fyrir betri heim“ (Mathematics for a Better World). Áhersla er lögð á hvernig stærðfræðin hjálpar okkur að skilja flókna innviði heimsins, takast á við áskoranir framtíðarinnar og bæta lífsgæði fólks um allan heim.

## Risaeðluþema í 2. bekk

Á hverju ári heimsækir 2. bekkur skólabókasafnið í febrúar eða byrjun mars til að vinna að spennandi risaeðluverkefni. Heimsóknin er liður í stærra þema um risaeðlur sem árgangurinn vinnur að í nokkrar vikur.

Á safninu fylgja nemendur dularfullum risaeðlusporum sem leiða þá áfram í leit að svörum við ýmsum fróðleiksgátum. Þessi leit hvetur börnin til að skoða bækur safnsins, efla upplýsingaleit sína og dýpka skilninginn á þessum risavöxnu dýrum fortíðarinnar á skemmtilegan og lifandi hátt.



Nafn: \_\_\_\_\_


1. Hvað kallast risaeðli sem borða bæði kjöt og jurtir?

2. Nefndu tvær risaeðlur sem eru jurtaætur?

3. Hvaða risaeðli er stundum kölluð konungur risaeðlanna?

4. Hvaða risaeðli var með fjaðrir og svolítið lík fugli en gat þó ekki flogið?

5. Hvað er langt síðan risaeðlu-tímanum lauk?



# SAMVERUR

## Samvera í 2. bekk

Salurinn fylltist af eftirvæntingu og eftirtekt þegar nemendur í 2. bekk buðu foreldrum sínum til hátíðlegrar samverustundar þann 13.febrúar. Dásamlegt að sjá þá miklu vinnu og metnað sem börnin höfðu lagt í undirbúninginn, en dagskráin sýndi svo ekki varð um villst hversu margvíslegir hæfileikar búa í þessum kraftmikla árgangi. Nemendur sungu, spiluðu á hljóðfæri, sýndu listir sínar í fimleikum og endaði samveran á hressum danssporum með þar sem áhorfendur, stórir og smáir, tóku þátt. Yndislegt að sjá börnin blómstra á sviðinu og njóta samverunnar með fjölskyldum sínum. Við þökkum foreldrum kærlega fyrir komuna og nemendum fyrir ógleymanlega skemmtun!



## Sprellsamvera í boði 6.bekkjjar

Þann 27.janúar stýrði 6.bekkur svo frábærri sprellsamveru fyrir 1.-7.bekk. Þar sungu nemendur nokkur lög, dönsuðu og sprelluðu. Frábært að sjá mismunandi árganga skemmta sér saman og njóta þeirrar samstöðu sem einkennir skólann okkar þegar við sprellum saman.



# HARTS FYRIRLESTUR




## Aðgengilegt og inngildandi umhverfi

Á dögunum fékk unglíngastigið í Hraunvallaskóla afar góðan gest þegar Jóhanna Birna Bjartmarsdóttir, aðgengissérfræðingur, kennsluhönnuður, námskrárhönnuður og stofnandi fyrirtækisins HARTS, heimsótti okkur. Jóhanna hélt fyrirlestra fyrir kennara og alla bekkji á unglíngastiginu þar sem hún sýndi nemendum hvernig tæknin og rétt hönnun námsumhverfis getur verið lykillinn að því að einfalda námið og opna nýjar dyr.

Jóhanna Birna, sem er hafnfirsk, deildi sögu sinni af mikilli hreinskilni. Hún átti erfitt uppdráttar í hinu hefðbundna íslenska skólakerfi vegna ADHD, lesblindu og einhverfu. „Ég fór úr kennslustundum og skildi ekki hvað var í gangi,“ segir hún um grunnskólagöngu sína.

Allt breyttist þegar hún hélt til náms við Háskólann í Flórída í Bandaríkjunum. Þar fann hún leiðir í gegnum tæknina og útskrifaðist með BA-gráðu í menntavísindum og heilsuefningu með hæstu einkunn. Sem menntaður kennslu- og námskrárhönnuður nýtir hún nú bæði fræðilega þekkingu sína og persónulega reynslu til að skapa lausnir sem styðja fjölbreytta nemendur.

Með fyrirtæki sínu, HARTS, vinnur Jóhanna að því að styðja við heilsu, vellíðan og þátttöku fólks með taugafjölbreytileika. Markmiðið er að móta umhverfi þar sem hönnun, heilsa og tækni mætast svo allir geti dafnað. Í fyrirlestrum sínum fyrir nemendur leggur hún áherslu á að fjölbreytileiki í námi sé styrkur en ekki veikleiki. Nemendur okkar fengu hagnýt bjargráð og hvatningu til að nýta eigin styrkleika til að takast á við áskoranir.



## Tæknin getur einfaldað námið til muna

Í fyrirlestrunum kynnti Jóhanna mörg tól og bjargráð sem nemendur okkar geta nýtt sér strax. Til að mynda Helperbird sem er sérhæfð viðbót fyrir vafra sem breytir útliti vefsíðna til að auðvelda lestur. Forritið býður upp á sérstök letur fyrir lesblinda, litasiur sem bæta einbeitingu og möguleikann að láta lesa texta á síðum. Annað forrit er Notion en það er skipulagsforrit sem hjálpar nemendum að halda utan um glósur, verkefnalista og tímatöflur á einum stað. Nýtist vel til að byggja upp persónulegt gagnasafn og halda utan um stór verkefni með sjónrænum hætti. Memrise er app sem nýtir leikjavæðingu og endurtekingar til að aðstoða nemendur við tungumálanám og orðaforða. Hjálpar nemendum að leggja ný hugtök á minnið með skemmtilegum æfingum. Svo er það Rasmus, sem er íslenskur stærðfræðivefur sem býður upp á skýrar útskýringar og gagnvirkar æfingar í stærðfræði fyrir grunnskólanemendur. Vefurinn gerir nemendum kleift að æfa sig á sínum hraða og fá strax endurgjöf á dæmin sem þeir leysa. Málfríður er svo hjálpartæki sem leiðréttir stafsetningu og málfar í íslenskum texta. Hjálpar nemendum að bæta skriflega framsetningu sína með því að benda á villur og koma með tillögur að betra orðalagi. Notkun raddinnsláttar, til dæmis í google docs, gerir nemendum kleift að tala við tölvuna og láta hana breyta talmáli í texta í stað þess að vélrita. Þetta er ómetanlegt hjálpartæki fyrir þá sem eiga erfitt með fínhyfingar eða stafsetningu, þar sem þeir geta komið hugsunum sínum á blað án hindrana. Einnig kynnti hún hvernig hægt er að taka myndir af flóknum verkefnum eða dæmum og nota gervigreindina til að útskýra í ítarlegu máli, skref fyrir skref, lausnirnar. Hjálpar það nemendum að skilja ferlið á bak við svarið frekar en að fá svarið bara gefins.

Þetta eru aðeins nokkur af þeim bjargráðum sem Jóhanna kynnti fyrir unglíngunum en nemendur fengu allir lista af forritum og viðbótum sem geta einfaldað skipulag og skilning í námi

Við þökkum Jóhönnu Birnu kærlega fyrir góða og valdeflandi heimsókn.



# UNGLINGARNIR


## Árshátíð unglinganna

Mikil eftirvænting lá í loftinu þann 18. mars þegar árshátíð unglingastigsins var haldin hátíðleg. Þema kvöldsins var „Midsummer“ og var salurinn skreyttur í takt við það, sem skapaði rómantíska og bjarta sumarstemningu í miðjum marsmánuði.

Í árshátíðarvikunni var búið að skreyta bókaskápa nemenda með gömlum og góðum myndum af þeim í gegnum tíðina. Skemmtileg hefð sem minnir á hversu gaman hefur verið hjá þeim á þeirra skólagöngu. Mörg voru þau á leið á sína síðustu grunnskólaárshátíð. Til að gera vikuna enn skemmtilegri var haldin þemavika. Litapema einkenndi mánudaginn, „Allt nema skólataska“ var tekin alla leið á þriðjudeginum og blómabema á árshátíðardaginn sjálfan. Fimmtudagurinn var svo náttfatadagur, enda öll vel þreytt eftir gott teiti.

Á árshátíðarkvöldinu gæddu nemendur sér á dýrindis veislubökkum og eftirréttarbökkum frá XO, horfðu á skemmtiatriði í boði Mosans, kennaranna og að sjálfsögðu árshátíðarmyndband 10.bekkjara sem krakkarnir hafa unnið að í allan vetur. Að máltíð lokinni tók við frábær skemmtun þar sem Elvar skemmti börnunum með nokkrum af hans bestu lögum og DJ Hulda sá svo til þess að dansgólfið væri iðandi af lífi fram á kvöld.

Árshátíðin tókst í alla staði frábærlega og var til fyrirmyndar hversu vel nemendur tóku þátt í að gera þessa viku ógleymanlega!



## Stíll 2025-2026

Stíll er árleg og spennandi hönnunarkeppni á milli félagsmiðstöðva landsins þar sem keppt er í fatahönnun, hárgreiðslu og förðun. Keppnin hefur verið fastur liður í starfi Samfés og ÍTK frá árinu 2000.

Meginmarkmið Stíls er að hvetja unglinga til listsköpunar, virkja frumlega hugsun og gefa þeim vettvang til að sýna afrakstur margra mánaða vinnu.

Keppnislíðin eru skipuð 2-4 ungmönnum sem mörg hver hafa unnið sér þátttökurétt í undankeppnum í sínum landshluta. Á sjálfum keppnisdeginum fá hóparnir tvær klukkustundir til að fullmóta módelið sitt fyrir sýninguna. Auk þess skila þeir ítarlegri hönnunarmöppu sem inniheldur teikningar og útskýringar á hugmyndinni, efnisprufur og upplýsingar um kostnað og ljósmyndum af flíkinni, hárgreiðslunni og förðuninni.

Metnaðurinn er jafnan til fyrirmyndar og eru búningarnir hannaðir og saumaðir af keppendum sjálfum fyrir keppnina.

Í Hraunvallaskóla er boðið upp á Stíl sem valáfanga og tóku tvö lið frá okkur þátt í keppninni í ár. Liðið Bláa nóttin með þær Guðrúnu, Söru og Heklu Sól innanborðs, og Mosinn A með þær Steinunni, Kristínu og Hafdís í fararbroddi. Þema ársins í ár var: Á tímum Viktoríu.

Þótt liðin okkar hafi ekki hreppst verðlaunasæti í ár, stóðu þau sig með mikilli þryði og voru skólanum og félagsmiðstöðinni til mikils sóma. Vinna nemenda við fatahönnun, hárgreiðslu og förðun var til fyrirmyndar og sýndi svo ekki varð um villst hversu mikil sköpunargleði og tæknileg færni býr í hópnum. Við óskum keppendum okkar innilega til hamingju með glæsilega frammistöðu.



# SAMFÉS

## Danskeppni Samfés

Mikið hefur verið um dýrðir hjá ungmenum skólans að undanförunu þar sem hæfileikar hafa fengið að blómstra í stórum keppnum á vegum Samfés og félagsmiðstöðvanna. Árangurinn hefur vægast sagt verið glæsilegur og endurspeglar þá miklu vinnu sem nemendur hafa lagt í sín atriði.

Í febrúar fór danskeppni Samfés fram í félagsmiðstöðinni Garðalundi. Keppt var í bæði einstaklings- og hópakeppni í aldurshópunum 10–12 ára og 13–16 ára. Atriðin voru fjölbreytt, kraftmikil og skapandi, og áttu dómaramenn erfitt verk fyrir höndum að velja úr hópi framúrskarandi dansara. Hraunvallaskóli átti þar frábæran fulltrúa, hana **Guðrúnu Telmu**, sem sýndi glæsilega takta og hreppti **3. sætið** í einstaklingskeppni 13–16 ára. Virkilega vel gert hjá henni!

## Söngkeppni Hafnarfjarðar

Söngkeppni Hafnarfjarðar var svo haldin 11. mars í Bæjarbíói. Þar sendi hver félagsmiðstöð 1-2 söngatriði og komust tvö efstu sætin áfram í söngkeppni Samfés.




Hraunvallaskóli átti tvo öflugna fulltrúa í keppninni, þær Ísafold Breiðfjörð og Söru Karabin. Ísafold flutti lagið „Hopelessly Devoted to You“ úr hinum fræga söngleik Grease og Sara söng hina vinsælu power ballöðu „All I Ask“ með Adele. Báðar stóðu þær sig með mikilli þryði og sýndu að þær eru frábærar söngkonur. Svo fór að Sara Karabin landaði 3. sæti keppninnar eftir eftirminnilegan flutning. Virkilega vel gert!

Við óskum þessum flottu listamönnum innilega til hamingju með árangurinn!



# VEL GRÚSKAÐUR AFMÆLISSKÓLI

Vegna þess hve skólinn skartaði sínu fegursta í afmælisveislu sinni og hve verkefni voru mörg og metnaðarfull, er upplagt að birta hér fleiri myndir úr gleðinni sem sýna þá miklu vinnu og hugvit sem nemendur lögðu í Grúskið í ár. Hér má sjá brot af þeim fjölmörgu myndum sem teknar voru af þessum glæsilegu verkum. Njótið!



## Brosið

Fréttablað Hraunvallaskóla  
Drekavöllum 9  
221

Ritstjóri: Margrét Lára Guðmundsdóttir  
margretl@hraunvallaskoli.is

Ábyrgðarmaður: Lars Jóhann Imsland

[www.hraunvallaskoli.is](http://www.hraunvallaskoli.is)

[www.leikskolinn.is/hraunvallaskoli](http://www.leikskolinn.is/hraunvallaskoli)

[www.mosinn.is](http://www.mosinn.is)